

## Kynning á Ljósmyndasafni Austurlands

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga

15. nóvember 2022

### 1) Grundvöllur starfsins

Í gildi er samningur sem undirritaður var 4. maí 2010. Þar sameinast þrír aðilar, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Minjasafn Austurlands og Samband sveitarfélaga á Austurlandi um að reka ljósmyndasafn.

Tekjur safnsins eru árleg framlög þessara þriggja aðila. Alls ríflega þrjár milljónir. Þá eru einnig sértekjur, sem nú eru áætlaðar um tvær milljónir (Múlaping og Vopnafjarðarhreppur.

### 2) Starfsemin

- a. Söfnun á myndum – Mestmegnis án frumkvæðis, en þó til dæmi um að safnið afli mynda, sbr. kaup á gamalli mynd frá Seyðisfirði.
- b. Greining mynda – Öflun upplýsinga um fólg og staði á myndunum – Mestmegnis gert með samanburði og uppflettingum. Birting mynda í Austurglugga skilar alltaf einhverju. Safnið hefur ekki kerfisbundið notað samfélagsmiðla eða staðið fyrir myndakvöldum nú síðustu ár. Dæmi um að það hafi verið gert þó.
- c. Skráning mynda inn í myndagrunn ásamt öllum upplýsingum sem um hana eru. Samræmd skráning og varðveisla til lengri tíma.
- d. Miðlun – Skönnun og birting á vef safnsins. Einnig afhending stafrænna afrita til birtingar eða til einkanota gegn gjaldi.

### 3) Tæknilegir þættir

Safnið á öflugan ljósmyndaskanna, sem kostar um 700 þúsund eða svo í dag. Um það bil eins góð græja og hægt er að sjá fyrir sér á safni af þessu tagi. Myndirnar eru skannaðar á .tif formi. Þær eru einnig vistaðar á .jpg formi til birtingar á vef.

Skráð er í FotoStation kerfið. Birting vef fer í gegnum FotoWeb, en búið að segja upp áskrift að þeim hluta kerfisins. Búið er að gera samning um að ganga aftur inn í veflausn sem þróuð hefur verið undir forystu Héraðsskjalasafns Árnesinga en ekki hefur enn verið fært yfir. Hýsing myndagrunnsins og umsjón ljósmyndavefs er hjá fyrirtæki á Selfossi sem tengist Héraðsskjalasafni Árnesinga.

### 4) Umfang safnsins

Myndir á vef eru rétt um 71.000 talsins, skipt niður í sex myndasöfn.

Austri 26.000  
Mannamyndir 12.500  
UÍA 9.500  
Mannlíf og staðir 1.000  
Minni söfn 20.000  
Óþekktar myndir 2.000

Myndir í myndagrunni safnsins sem ekki eru á vef eru um 25.000 talsins og einhver ótilgreindur fjöldi mynda er alls óskráður í minni söfnum og afhendingum. Alls eru því nálægt 100.000 myndum.

Nýjasta viðbótin við safnið eru myndir úr Myndagrúski á Vopnafirði. Það eru alls um 12.000 myndir skráðar í þeim grunni, en talsvert er um tvítök.